NÁMSGREIN MYNDMENNT / SJÓNLISTIR
KENNSLUYFIRLIT- 7.BEKKUR

Kennsluaðferðir: Innlögn, myndasýningar, sýnikennsla, verkleg vinna ljósmyndaverkefni, heimavinna og samtal.

Námsefni: Allt námsefnið er búið til og mótað af myndmenntakennara

Námsmat: Leiðsagnarmat / Hæfniviðmið

Námsgögn: Margskonar litir, pappír, efni og verkfæri ásamt myndasýningum og fagorðabanka

Lykilhæfni: *Lögð verður áhersla á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.*

- Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.
- Lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.
- Gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það.
- Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.
- Notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám.
- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi.

Tímabil	Verkefni	Markmið og leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat
Kennt er í þrískiptum lotum:	Hugmyndabók Mótunarverkefni endurvinnsla Súrrealismi klippimynd Listasaga Orðaforði	Geti sett hugmyndir sínar á blað og unnið út frá þeim. Búa til sína eigin hugmyndabók og vinna verkefni og hugmyndir í hana Geti búið til þrívítt verk út frá eigin hugmynd að lokaverki. Fræðist um möguleika á endurvinnanlegu efni. Geri sér grein fyrir mikilvægi flokkunar á rusli og endurvinnslu Hugmyndavinna Búi til hlut/fígúru úr endurvinnanlegu efni Skreyti á persónulegan hátt Geti sagt frá og gert grein fyrir hugmynd sinni. Þekki orðið súrrealismi og hvað það stendur fyrir Geti unnið súrrealískar myndir Fái innsýn í listastefnuna Hugmyndavinna og úrvinnsla Klippimyndir Segja frá hugmynd sinni Kynnist heimi myndlistarinnar og möguleika myndsköpunar. Kynnist og þekki ýmis listaverk og ýmsa listamenn. Skrá skoðanir og tilfinningar í eigin sköpun Skilað inn á Google Classroom Læri ný orð sem tengjast þeim verkefnum sem unnið er með	Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun, Nýtt sér í eigin sköpun grunnþætti myndlistar Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk Byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu Beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni Fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur Gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð í. Greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu Greint og borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.	Leiðsagnamat og hæfniviðmið. Verkefnin eru metin út frá vinnu /hugmyndavinnu, verklagi, virkni og svörun og viðbrögð við verkefninu í samræmi við hæfniviðmið